

**Skýrsla starfshóps um
eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni
barna/nemenda í leik- og grunnskólum**

Starfshópin skipaðu: Hrund Logadóttir, formaður hópsins, Arndís Þorsteinsdóttir, Ásgerður Guðnadóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Sigrún Einarsdóttir, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Þórdís Bragadóttir

**Leikskólasvið Reykjavíkur
Menntasvið Reykjavíkur
Maí 2008**

Tillögur starfshóps um leiðir til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda

- Lífsleiknikennsla í grunnskólum verði endurskoðuð og gerð markvissari.
- Sérhver skóli marki sér stefnu og áætlun, sem fram komi í skólanámskrá þar sem skilgreindur verði ábyrgðaraðili innan hvers leik- og grunnskóla, sem hefur umsjón með að unnið sé markvisst að eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni.
- Leik- og grunnskólar taki mið af niðurstöðum rannsókna um líðan nemenda, auki áherslur og aðlagi markmið lífsleiknikennslu að þeim niðurstöðum.
- Leik- og grunnskólar taki í notkun gátlista sem kynntir eru í skýrslunni og nýtast kennurum á öllum aldurstigum til að fylgjast með félagsfærni og sjálfsmynd einstakra barna.
- Skýrslan og gátlistarnir verði kynnt á fundum leik- og grunnskólastjóra og í þjónustumiðstöðvum. Sérfræðiþjónusta skóla í þjónustumiðstöðvum sjái um kynningar og eftirfylgd í leik- og grunnskólum.
- Kennarar og starfsfólk í leik- og grunnskólum hafi aðgang að námskeiðum og/eða þjálfun sem stuðlar að aukinni færni til að meta félagsfærni og sjálfsmynd og öðlist þekkingu á leiðum til að efla hvort tveggja í barna-/nemendahópum.
- Útbúið verði kynningarrit með upplýsingum um gátlistana og notkun þeirra til dreifingar í leik- og grunnskólum og jafnframt kynnt á heimasíðu Leikskóla- og Menntasviðs.

**Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni barna / nemenda í leik-
og grunnskólum**

Tillögur starfshóps um leiðir til að efla sjálfsmýnd og félagsfærni barna/nemenda	1
Inngangur	3
Starfshópur – tildrög	3
Starfshópur – hlutverk og verkefni	3
Verklag hópsins	4
Fræðilegar forsendur	6
Sjálfsmýnd og félagsfærni	6
Viðmið	6
Námsefni og matslistar	8
Leikskólastig – matslistar	8
Leikskólastig – lífsleikniefni	8
Grunnskólastig – matslistar	10
Grunnskólastig – lífsleikniefni	10
Gátlistar	11
Notkun gátlistanna	11
Útgáfa – form	11
Eftirfylgd – tillögur	11
Heimildir	13
Fylgiskjöl	14

Inngangur

Starfshópur – tildrög

Í starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2006, undir stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum – 10 ára framtíðarsýn, er fjallað um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga. Þar segir m.a.:

“Börnum og unglungum líður vel í skólanum. Unnið er markvisst að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Þetta er m.a. gert með því að þjálfa þau á öllum aldursstigum í félagsfærni og samskiptum.”

Til að vinna að þessum þætti var settur á fót starfshópur um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum. Hópurinn starfaði undir stjórn Hrunnar Logadóttur, verkefnastjóra á Menntasviði og í honum voru Arndís Þorsteinsdóttir, sálfræðingur í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Ásgerður Guðnadóttir frá Félagi leikskólakennara, Bryndís Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði, Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri á leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs, Sigrún Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðholts, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir frá Kennarafélagi Reykjavíkur og Þórdís Bragadóttir sálfræðingur í Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði. Hópurinn starfaði samkvæmt erindisbréfi og skilaði niðurstöðum til fræðslustjóra Menntasviðs og sviðsstjóra Leikskólasviðs.

Starfshópur – hlutverk og verkefni

Hlutverk starfshóps, samkvæmt erindisbréfi, var að skila tillögum að viðmiðum/gátlista, til að nota í daglegu starfi við að skoða sjálfmynd og félagsfærni barna/nemenda. Helstu verkefni voru:

- Afla upplýsinga um matslista sem til eru um mat á sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga.
- Vinna í minni hópum að viðmiðum fyrir ólík aldursstig.

- Setja upp viðmið/gátlista sem nota má í daglegu starfi við að skoða sjálfmynd og félagsfærni nemenda. Æskilegt er að listann verði hægt að nýta við markmiðssetningu fyrir einstaklinga og hópa og til hliðsjónar við gerð einstaklingsáætlana eða umsagna um nemendur.
- Koma með tillögur að leiðum til að efla sjálfmynd.
- Undirbúa málþing um leiðir til að efla sjálfmynd og félagsfærni barna/nemenda.

Verklag hópsins

Fyrsti fundur var haldinn 19. október 2006. Áætluð verkefnaskil voru í nóvember 2007 en fljótlega var ljóst að lengri tíma þyrfti til að útbúa og forprófa gátlista og voru skil því áætluð í maí 2008.

Helstu áherslur í umræðum hópsins á fyrstu fundum voru:

- Skilgreining hugtakanna sjálfmynd og félagsfærni og hvaða þættir falli undir hvort hugtak
- Möguleg viðmið fyrir gátlista
- Markmið gátlista um sjálfmynd og félagsfærni og notkun þeirra
- Áhugaverðar kynningar á verkefnum sem tengjast viðfangsefninu

Á fyrstu starfsvikum hópsins var kannað hvaða listar og efni væri í notkun í leik- og grunnskólum í dag og því safnað saman eins og kostur var. Í upphafi árs 2007 fékk hópurinn á fundi fræðslu og umfjöllun frá fólki sem sérstaklega hefur unnið með sjálfmynd og félagsfærni, auk kynninga á einstökum verkefnum.

- 4. janúar 2007 – kynning á námsefni um Vini Zippýs. Guðrún Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri á Lýðheilsustöð
- 18. janúar 2007 – kynning á vinnu samskiptahóps nokkurra sálfræðinga. Benedikt Jóhannsson sálfræðingur í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

- 25. janúar 2007 – kynning á Möppumati, matstæki til að fylgjast með þroska og námi sérhvers barns. Jónína Konráðsdóttir leikskólastjóri í Sólborg og Ragnheiður Þóra Kolbeinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Sólborg
- 1. febrúar 2007 – kynning á sjálfsmynd og sjálfsmati leikskólabarna. Hrönn Pálmadóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands

Á fundi 11. janúar 2007 var ákveðið að skipta starfshópnum í tvo hópa eftir skólastigum.

Í leikskólahópi voru Arndís Þorsteinsdóttir, Ásgerður Guðnadóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir og Sigrún Einarsdóttir. Í grunnskólahópi voru Bryndís Guðmundsdóttir, Hrund Logadóttir, Þórdís Bragadóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir. Verkefni hópanna til vors var að kanna hvaða undirþætti æskilegt væri að skoða í viðmiðum /gátlistum um sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda á hvoru skólastigi. Hóparnir funduðu reglulega saman, frá janúar 2007 til maí 2008, til að samræma áherslur, innihald og vinnulag.

Í lok árs 2007 höfðu báðir hópar mótað gátlista og fengið nokkra leik- og grunnskólakennara til að lesa þá yfir og gera athugasemdir. Listarnir voru síðan forþröfaðir í upphafi árs 2008 af kennurum á báðum skólastigum. Í febrúar sama ár voru listarnir sendir til tölfraði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs til að fá tillögur um frekari vinnslu. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri Tölfraði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs, kynnti mögulega útfærslu á sameiginlegum fundi hópanna 26. mars.

Í erindisbréfi starfshópsins er kveðið á um undirbúning málþings um leiðir til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda. Hópurinn telur aðrar leiðir árangursríkari s.s. námskeið, kynningarrit og markvissa eftirfylgd eins og fram kemur í tillögum hópsins.

Fræðilegar forsendur

Sjálfsmynd og félagsfærni

Fræðimenn telja að sjálfsmynd byggist upp í samskiptum við aðra og felist í sjálfstrausti, sjálfsvirðingu og sjálfsöryggi. Samkvæmt Orðaskrá úr uppeldis- og kennslufræði (1994) telst sjálfsmynd vera hugmynd barns um sjálft sig til líkama og sálar. Jákvætt viðmót, viðurkenning, styðjandi umhverfi og hvatning stuðlar að heilbrigðri og sterkri sjálfsmynd. Jákvæð sjálfsmynd er grundvöllur náms og þess að móta og viðhalda góðri félagslegri og tilfinningalegri líðan. Barn með góða sjálfsmynd er líklegra til að ná hámarksárangri og mynda góð tengsl en barn sem hefur slaka sjálfsmynd.

Félagsfærni er félagslega viðurkennd lærð hegðun sem gerir manneskjunni kleift að eiga árangursrík samskipti við aðra og að forðast félagslega óásættanleg viðbrögð. Í því felst til dæmis að kunna að deila með öðrum, hjálpa og hrósa. Að þróa slíka færni, til að geta átt góð samskipti við aðra, er eitt af höfuðviðfangsefnum bernskunnar. Félagleg færni barns er hæfni þess til að geta á árangursríkan og viðurkenndan hátt nálgast persónuleg markmið sín. Börn með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig að breyttum aðstæðum.

Viðmið:

Við val á viðmiðum í gátlistum fyrir grunnskóla, var m.a. stuðst við Aðalnámskrá grunnskóla – lífsleikni, bók Deborah Plummer Helping Children to Build Self-Esteem, gátlistann Mat á félagsfærni (Social Skills Rating System) og athugunarlista kennara um samskipti (Skillstreaming the Adolescent).

Þættir sem valdir voru sem viðmið um félagsfærni:

Almenn félagsfærni

Samskiptafærni

Erfiðar aðstæður

Sjálfsstjórn

Samhygð

Þættir sem valdir voru sem viðmið um sjálfsmynd:

Sjálfsþekking (self-knowledge)

Sjálfsviðurkenning/sjálfsvitund (self-acceptance)

Sjálfsstraust / sjálfsöryggi (self-confidence)

Leikskólahópur ákvað að flétta saman þætti sem endurspeгла sjálfsmynd og félagsfærni barna á aldrinum 0-6 ára. Þegar viðmið voru valin var leitað eftir því sem til var um efnið í leikskólum, á þjónustumiðstöðvum í Reykjavík og í stærri sveitarfélögum á landinu. Einnig var stuðst við ofangreinda bók Deborah Plummer og Mat á félagsfærni. Valdir voru þættir úr efni sem hópnum barst m.a. úr Heilsustefnu Urðarhóls, námskrám leikskóla og úr umfjöllun og kynningum á fundum starfshópsins.

Þættir sem valdir voru sem viðmið sjálfsmynd og félagsfærni:

Samskipti og samvinna

Sjálfsöryggi og sjálfsstraust

Þátttaka og frumkvæði

Tilfinningar

Leikur

Námsefni og matslistar

Leikskólastig - matslistar

Sérfræðingar hafa lengi velt fyrir sér líðan barna í leikskólum. Leikskólasvið hefur til margra ára gert viðhorfskönnun meðal foreldra þar sem m.a. er spurt um líðan barna og hafa niðurstöður nýst leikskólum til að hlúa enn betur að þeim þætti starfsins. Þeir listar sem leikskólar hafa helst stuðst við eru AAL listinn og þróunarverkefnið Tilfinningatjáning- lífsleikni frá leikskólanum Jörfa og Mappan mín frá leikskólanum Sólborg.

Fyrirspurn var send í alla leikskóla í Reykjavík og kallað eftir hvort til væru listar sem notaðir væru til að meta sjálfsmynd og félagsfærni. Svo virðist sem vöntun sé á samræmdum gátlistum af þessu tagi í leikskólum en eitthvað er um heimagerða lista.

Leikskólastig – dæmi um lífsleikniefni

Álfur. www.nams.is/alfur/index.htm gefið út af námsgagnastofnun.

Bætt hugsun - Betri, líðan: Handbók í hugrænni atferlismeðferð. Höf. Paul Stallard

Du og jeg og vi to! Et rammeprogram for sosial Kompetanseutvikling. Höf. Kari Lamer.

Du og jeg og vi to! Om å fremme barns sosiale kompetanse. Höfundur Kari Lamer.

Hjálparhendur. Vinsamleg snerting fyrir börn. Upledger stofnunin á Íslandi.

Hjálpfús / Rauði krossinn

Leiklist í kennslu, verkefni. www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm Námsgagnastofnun.

Lífsleikni. Höf. Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson.

Lífsleikni í leikskóla. www.krogabol.akureyri.is/lifsleikni/lifsleiknifor.htm

Lífsleikni og tilfinningagreind. Grein í Uppeldi og menntun.

Lífsmennt: Viðfangsefni í lífsgildum f. börn 3-7 ára. Höf. Diane Tillman og Diana Hsu.

Mappan mín. Skýrsla leikskólans Sólborgar.

Ritröðin Betri skapgerð. Listfengi ehf.

Snerting –jóga og slökun/ Elín Jónasdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir

Stig af stigi. Reynir-ráðgjafastofa KMM ehf.

Taming the dragon. Höfundar H.L. Webster og Lorraine Parker.

Tilfinningagreind: Hvers vegna er tilfinningagreind mikilvægari en greindarvísitala?

Höf. Daniel Goleman

Tilfinningatjáning-lífsleikni. Skýrsla leikskólans Jörfa.

Verkefnið Geðrækt (2000). Gefið út af Lýðheilsustöð.

Why love matters: How affection shapes a baby's brain. Höfundur Sue Gerhardt.

Próunarverkefni um 12 dygðir gefið út af Leikskólanum Krógabóli.

Grunnskólastig - matslistar

Kennarar, sérfræðingar sérfræðiþjónustu skóla svo og aðrir fræðingar hafa lengi skoðað ýmsa þætti varðandi félagsfærni, sjálfsmynd, hegðun og líðan barna/nemenda í skólum. Má til dæmis nefna starf kennara í starfsleikninámi við Kennaraháskóla Íslands upp úr 1985 við mótun og gerð ýmissa viðmiðunar- og gátlista varðandi þessa þætti. Einnig má nefna matslista sem kennarar hafa notað m.a. Ég og skólinn I og II og matslista Terje Ogden auk annarra matslista og tengslakannana.

Sérfræðingar hafa unnið og þýtt ýmsa gátlista um félagsfærni, sjálfsmynd og líðan barna/nemenda og má þar m.a. nefna athugunarlista T.M Achenbach, mælikvarða Piers – Harris, Bristol Social – Adjustment Guides og matslista Frank M. Gresham og Stephen N. Elliot, The Social Skills Rating System.

Grunnskólastig – dæmi um lífsleikniefni

Að ná tökum á tilverunni. Lions Quest. Námsgagnastofnun.

Að vaxa úr grasi. Lions Quest. Námsgagnastofnun. www.namsgagnastofnun.is

Að verða fullorðinn. Höfundur Fjölur Ásbjörnsson o.fl. Námsgagnastofnun.

Er ekki allt í lagi - skygguflokkur. Námsgagnastofnun.

Ég er bara ég. Höfundar Ásdís Olsen, Karl Ágúst Úlfsson. Námsgagnastofnun.

Ég er það sem ég vel. Námsgagnastofnun.

Ég hef tilfinningar. Námsgagnastofnun.

Gaman saman. Höf. Margrét Tryggvadóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir. Námsg.stofnun.

Geðrækt - verkefnablöð. www.namsgagnastofnun.is; www.lydheilsustod.is

Hjálpfús. Höfundur Sigríður Birna Valsdóttir. Námsgagnastofnun.

Hugsi – um röklit og lífsleikni. Námsgagnastofnun.

Hvað finnst þér? www.lydheilsustod.is

Í sátt og samlyndi. Námsgagnastofnun.

Jafnréttishandbókin. Höf. Hafsteinn Karlsson, Stefanía Traustadóttir. Námsgagnastofnun.

Klárari en þú heldur. Höfundur Thomas Armstrong. Námsgagnastofnun.

Leiklist í kennslu. Höf. Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir. Námsgagnastofnun.

Leiklist í kennslu. Höf. Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir. Námsgagnastofnun.

Líf og leikur. Námsgagnastofnun.

Lífsleikni – sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd. Höf. Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson, Sæmundur Hafsteinsson. Námsgagnastofnun.

Lítum á samskiptin. Námsgagnastofnun.

Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli. Námsgagnastofnun.

Saman í sátt. Höfundur Erling Roland. Námsgagnastofnun.

Samvera. Höfundur Sigrún Aðalbjarnardóttir. Námsgagnastofnun.

Snerting, jóga og slökun. Höf. Elín Jónasdóttir, Sigurlaug Einarsdóttir. Námsg.stofnun.

Stig af stigi. Reynir-ráðgjafastofa KMM ehf.

Valur - smásagnasafn. Höfundur Hreinn Pálsson. Námsgagnastofnun.

Venjulegur dagur. www.lydheilsustod.is

Vinir Zippýs. Lýðheilsustöð. www.lydheilsustod.is/geðraekt/vinir-zippy

Gátlistar

Notkun listanna

Listarnir eru þrír. Tveir fyrir leikskólastig, fyrir eins og tveggja ára börn og þriggja til sex ára börn. Einn listi er fyrir grunnskólanemendur í 1. til 10. bekk. Gátlistinn er ætlaður til notkunar í daglegu starfi kennara til að skoða sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda. Markmið er að listarnir nýtist við markmiðssetningu fyrir einstaka barn/nemanda og hópa og verði hafðir til hliðsjónar við foreldraviðtöl, gerð einstaklingsáætlana eða umsagna. Gert er ráð fyrir að gátlistinn fylgi barni alla skólagönguna og geti nýst sem stuðningur við flutning barns milli skólastiga.

Áhersla er á að viðmið í listunum lýsi jákvæðum færniþáttum og gert er ráð fyrir að hægt sé að sjá og meta framfarir hjá barninu.

Útgáfa – form

Gátlistarnir eru gefnir út í tölvutæku formi, með skýringum og leiðbeiningum, til að auðvelda aðgengi og notkun þeirra. Skjalið er læst þannig að ekki er hægt að gera breytingar á frumskjali. Með skjalinu fylgir lykilorðið **gatlisti** sem slegið er inn og er þá hægt að setja inn í reitina upplýsingar um nemendur og nota þannig gátlistana. Tölfræði og rannsóknarþjónusta Menntasviðs sá um frágang og útfærslu listanna á tölvutækt form og varðveitir aðgang til breytinga á þeim.

Eftirfylgd – tillögur

Í starfsáætlunum Leikskólasviðs- og Menntasviðs Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla félagsfærni barna og unglinga. Efling þessara þátta er mikilvæg alhliða forvörn þar sem slök félagsfærni er oft nátengd námserfiðleikum og getur valdið samskipta- og hegðunarerfiðleikum. Auka þarf meðvitund starfsfólks leik- og grunnskóla um mikilvægi þess að efling sjálfsmyndar og félagsfærni sé grundvallarþáttur í vellíðan og velgengni barna á öllum aldurstigum. Sterk sjálfsmynd og góð félagsfærni stuðlar að bættu skólastarfi, námsárangri og betri líðan barna/nemenda.

Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins:

- Lífsleiknikennsla í grunnskólum verði endurskoðuð og gerð markvissari.
- Sérhver skóli marki sér stefnu og áætlun, sem fram komi í skólanámskrá, þar sem skilgreindur verði ábyrgðaraðili innan hvers leik- og grunnskóla, sem hefur umsjón með að unnið sé markvisst að eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni.
- Leik- og grunnskólar taki mið af niðurstöðum rannsókna um líðan nemenda, auki áherslur og aðlagi markmið lífsleiknikennslu að þeim niðurstöðum.
- Leik- og grunnskólar taki í notkun gátlista sem kynntir eru í skýrslunni og nýtast kennurum á öllum aldurstigum til að fylgjast með félagsfærni og sjálfsmynd einstakra barna.
- Skýrslan og gátlistarnir verði kynnt á fundum leik- og grunnskólastjóra og í þjónustumiðstöðvum. Sérfræðiþjónusta skóla í þjónustumiðstöðvum sjái um kynningar og eftirfylgd í leik- og grunnskólum.
- Kennarar og starfsfólk í leik- og grunnskólum hafi aðgang að námskeiðum og/eða þjálfun sem stuðlar að aukinni færni til að meta félagsfærni og sjálfsmynd og öðlist þekkingu á leiðum til að efla hvort tveggja í barna-/nemendahópum.
- Útbúið verði kynningarrit með upplýsingum um gátlistana og notkun þeirra til dreifingar í leik- og grunnskólum og jafnframt kynnt á heimasíðu Leikskóla- og Menntasviðs.

Heimildir:

Aðalnámskrá Grunnskóla (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Aðalnámskrá Leikskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Gresham, F.M. og Elliot, S.N. (1990). *Social Skills Rating System – Manual*. American Guidance Service, Inc.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan. Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík. Iðnú.

Guralnick, M., J. (2001). *Early Childhood Inclusion. Focus on changes*. Baltimore: Paul H. Brookes.

McGuire, J. og Richman, N. (1994). *Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna*. Leikskóladeild Akureyrarbæjar

Orðanefnd Kennaraháskóla Íslands. (1994). Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræði. *Rit Íslenskrar málnefndar 2*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Plummer, Deborah. (2001). *Helping Children to Build Self-Esteem : A Photocopiable Activities Book*. London ; Philadelphia : J. Kingsley Publishers

Reykjavíkurborg, Leikskólasvið. (2008). *Stefna Reykjavíkurborgar í menntun leikskólabarna-framtíðarsýn*. Reykjavík.

Reykjavíkurborg, Menntasvið. (2006) . *Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf starfshóps um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni nemenda í leik- og grunnskólum
2. Upplýsingar um gátlistana
3. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna í leikskólum 1 og 2ja ára
4. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna í leikskólum 3 til 6 ára
5. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni nemenda í grunnskólum 1. til 10. bekk
6. Útskýringar 1 til 2ja ára
7. Útskýringar 3ja til 6 ára

Erindisbréf

<p>Heiti vinnuhóps: Starfshópur um eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni nemenda í leik- og grunnskólum</p>
<p>Ábyrgðarmaður: Gerður G. Óskarsdóttir</p>
<p>Hlutverk: Skila tillögum að viðmiðum/gátlista sem nota má í daglegu starfi við að skoða stöðu sjálfmynd og félagsfærni nemenda.</p>
<p>Helstu verkefni: Afla upplýsinga um matslista sem til eru um mat á sjálfsmýnd og félagsfærni barna og unglunga.</p> <p>Vinna í minni hópum að viðmiðum fyrir ólík stig</p> <p>Setja upp viðmið/gátlista sem nota má í daglegu starfi við að skoða stöðu sjálfmynd og félagsfærni nemenda. Æskilegt er að listann verði hægt að nýta við markmiðssetningu fyrir einstaklinga og hópa og til hliðsjónar við gerð einstaklingsáætlana eða umsagna um nemendur.</p> <p>Koma með tillögur að leiðum til eflingar sjálfsmýndar. Undirbúa málþing um leiðir til að efla sjálfsmýnd nemenda og félagsfærni.</p>
<p>Fulltrúar í vinnuhópi: Í stýrihóp verði: Hrund Logadóttir frá Menntasviði Elísabet Helga Pálmadóttir frá Menntasviði Þorgerður Laufey Diðriksdóttir frá Kennarafélagi Reykjavíkur Ásgerður Guðnadóttir frá Félagi leikskólakennara Arndís Þorsteinsdóttir frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts Sigrún Einarsdóttir frá Þjónustumiðstöð Breiðholts Bryndís Guðmundsdóttir frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði Þórdís Bragadóttir frá Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði</p>
<p>Formaður vinnuhóps: frá Menntasviði Hrund Logadóttir</p>
<p>Starfsmenn:</p>
<p>Ráðgjöf / samstarf: Haft verði samstarf við Samfok og Börnin okkar. Settir verði undirhópar til að vinna ákveðin verkefni.</p>
<p>Starfstímabil: 01.05. 2006 - 01.11. 2007</p>
<p>Skil: Til sviðsstjóra Menntasviðs</p>

Um gátlistann

Gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum eru unnir af starfshópi á vegum Leikskóla - og Menntasviðs Reykjavíkur. Starfshópurinn starfaði frá hausti 2006 til vors 2008 og í honum áttu sæti:

Hrund Logadóttir verkefnastjóri á Menntasviði, formaður hópsins
Arndís Þorsteinsdóttir sálfræðingur, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Ásgerður Guðnadóttir aðstoðarleikskólastjóri, frá Félagi
leikskólakennara
Bryndís Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi, Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði
Elísabet Helga Pálmadóttir verkefnastjóri á Leikskólasviði
Sigrún Einarsdóttir leikskólaráðgjafi, Þjónustumiðstöð Breiðholts
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir grunnskólakennari frá Kennarafélagi
Reykjavíkur
Þórdís Bragadóttir frá Þjónustumiðstöðinni Miðgarði

Listarnir eru þrír. Tveir listar fyrir leikskóla, fyrir eins og tveggja ára börn og þriggja til sex ára börn og einn listi fyrir grunnskólanemendur í 1. til 10. bekk.

Gátlistarnir eru ætlaðir til notkunar í daglegu starfi leik- og grunnskólakennara til að skoða sjálfsmynd og félagsfærni.

Listarnir eru ætlaðir til að meta öll börn/nemendur, en ekki eingöngu þá sem hafa sýnt frávik varðandi sjálfsmynd og félagsfærni.

Markmið er að listarnir nýtist við markmiðssetningu fyrir einstaklinga og hópa og verði hafðir til hliðsjónar í foreldraviðtölum, við gerð einstaklingsáætlana og umsagna. Þeir eru hugsaðir fyrir kennara til að meta og draga upp mynd af sjálfsmynd og félagsfærni barna/nemenda og sem liður í að byggja upp og grípa inn í ef þörf krefur.

Áhersla er á að viðmið í listunum lýsi jákvæðum færniþáttum og gert er ráð fyrir að hægt sé að sjá og meta framfarir hjá barni/nemanda. Með þessum listum er lögð áhersla á færni barna í ákveðnum þáttum frekar en vanhæfni. Aðeins er hér um að ræða viðmið en ekki staðlað matstæki.

Gert er ráð fyrir að gátlistarnir fylgi barni/nemanda alla skólagönguna og geti nýst sem stuðningur við flutning milli skólastiga

Fylgiskjal 3

Nafn barns:

Fæðingardagur:

Vinsamlega sláðu inn viðeigandi tölu fyrir hvern þátt:

3=yfirleitt 2=stundum 1=sjaldan/aldrei x=veit ekki

1 árs

2ja ára

Haust

Vor

Haust

Vor

	1 árs		2ja ára	
	Haust	Vor	Haust	Vor
Samskipti/samvinna				
Samskipti barns við jafnaldra				
Samskipti barns við fullorðna				
Sýnir börnum áhuga				
Sýnir hjálpssemi				
Myndar augnsamband				
Fylgir reglum				
Sýnir biðlund				
Verður ekki fyrir áreitni				
Fylgir fyrirmælum				
Sjálföruggi/sjálfstraust				
Setur mörk gagnvart ókunnungum				
Er öruggt í nýjum aðstæðum				
Tekur hrósi				
Sýnir stolt gagnvart eigin getu				
Sýnir þrautseigju				
Þátttaka og frumkvæði				
Sýnir umhverfinu áhuga				
Þátttaka í daglegu starfi				
Sýnir sjálfsbjargarviðleitni				
Tilfinningar				
Sýnir samkennd				
Sýnir feimni				
Sýnir glaðværð				
Sýnir ótta				
Sýnir hryggð				
Viðbrögð við líkamlegri snertingu				
Viðbrögð við áminningu				
Leikur				
Einleikur				
Samhliða leikur				
Félagslegur leikur				
Ímyndunarleikur				
Unir sér í útiveru				

Annað:

Fylgiskjal 4

Nafn barns:

Fæðingardagur:

Vinsamlega sláðu inn viðeigandi tölu fyrir hvern þátt:

3=yfirleitt 2=stundum 1=sjaldan/aldrei x=veit ekki

3 ára

4 ára

5/6 ára

Haust

Vor

Haust

Vor

Haust

Vor

	3 ára		4 ára		5/6 ára	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Samskipti/samvinna						
Samskipti barns við jafnaldra						
Samskipti barns við fullorðna						
Deilir með sér/miðlar málum						
Sýnir tillitssemi/hjálpssemi						
Myndar augnsamband						
Myndar vinatengsl						
Fylgir reglum						
Verður ekki fyrir áreitni						
Átök/stjórnsemi						
Sýnir biðlund						
Fylgir fyrir mælum						
Sjálfsöryggi/sjálfstraust						
Þorir að koma fram fyrir hóp						
Sýnir staðfestu/sjálfsþæði						
Setur mörk gagnvart ókunnugum						
Er öruggt í nýjum aðstæðum						
Tekur hrósi						
Sýnir stolt gagnvart eigin getu						
Sýnir þrautseigju						
Þátttaka og frumkvæði						
Tekur þátt í daglegu starfi						
Sýnir frumkvæði						
Tekur þátt í umræðum						
Tilfinningar						
Sýnir samkennd						
Orðar tilfinningar						
Sýnir glaðværð						
Sýnir ótta						
Sýnir hryggð						
Sýnir reiði						
Viðbrögð barns við áminningu						
Leikur						
Skapandi leikur						
Félagslegur leikur						
Innkoma í leik						
Úthald í leik						
Unir sér í útiveru						

Fylgiskjal 5

Nafn barns:

halla

Fæðingardagur:

2102633819

Vinsamlega sláðu inn viðeigandi tölu fyrir hvern þátt:

x = Veit ekki 1= Aldrei/sjaldan 2 = Stundum 3 = Yfirleitt

Bekkur

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

Almenn félagsfærni	Vorönn									
Hlustar af athygli										
Lætur í ljós þakklæti										
Á frumkvæði að samræðum										
Spyr spurninga										
Biður um aðstoð eða upplýsingar										
Biðst afsökunar										
Fer eftir fyrirætlum										
Virðir eigin og rými annarra										
Biður um leyfi										
Samskiptafærni										
Vinnur vel með öðrum										
Er þátttakandi í hóp										
Virðir sjónarmið og skoðanir annarra										
Deilir með öðrum										
Hjálpar/leiðbeinir öðrum										
Erfiðar aðstæður										
Kvartar yfir óréttmæti										
Ver vin sinn										
Tekst á við ásanir á viðeigandi hátt										
Lærir af eigin mistökum										
Stenst hópbrýsting										
Sjálfsstjórn										
Stjórnar skapi sínu										
Stendur á rétti sínum										
Tekst á við stríðni										
Leysir úr ágreiningi										
Samhygð										
Þekkir og tjáir tilfinningar sínar										
Tekur tillit til annarra										
Tjáir umhyggju fyrir öðrum										
Sjálfsþekking										
Er meðvituð/aður um sjálfan sig og eigin tilfinningar										
Þekkir eigin takmarkanir										
Getur sett sér raunhæf markmið										
Þekkir sterkar og veikar hliðar sínar										
Sjálfsviðurkenning										
Er sátt/ur við sjálfan sig										

Gerir sitt besta miðað við færni og aðstæður										
Sjálfsstraust/sjálfsöryggi										
Treystir á sjálfa/n sig										
Finnst eigin skoðanir skipta máli										
Getur tekist á við óvænta atburði										
Hefur stjórn á tilfinningum sínum m.v. aldur/proska										
Lætur álit sitt í ljós										
Hefur trú á eigin getu										
Getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir										

Annað:

Samskipti/samvinna 1 og 2ja ára

Barnið sýnir öðrum börnum áhuga og á stutt/einföld samskipti. Meira ber á samhliða leik, þar sem gerðar eru tilraunir til að eiga samskipti án þess að úr verði samfelldur leikur. Barnið hefur mikla þörf fyrir að eiga samskipti við fullorðna og þarf að geta leitað til og borið traust til þeirra sem annast það dags daglega. Barnið sækist eftir því að leika sér í námunda við fullorðna og sýnir aukna samvinnu.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/aldrei

- **Samskipti barns við jafnaldra**
Barnið sýnir viðeigandi samskipti við jafnaldra gjarnan með stuðningi fullorðinna.
- **Samskipti barns við fullorðna**
Barnið sýnir fullorðnum traust og öryggi, það leitar til fullorðinna.
- **Sýnir börnum áhuga**
Barnið sækist eftir því að vera í návist annarra barna og reynir að herma eftir þeim.
- **Sýnir hjálpssemi**
Barnið sýnir viðleitni og áhuga á að aðstoða við daglegar athafnir.
- **Myndar augnsamband**
Barnið myndar augnsamband þegar talað er við það og til þess. Barnið veitir viðmælanda sínum athygli.
- **Fylgir reglum**
Barnið leitast við að fylgja reglum umhverfisins.
- **Sýnir biðlund**
Barnið sýnir viðleitni til að bíða í stutta stund.
- **Verður ekki fyrir áreitni**
Barnið verður ekki fyrir áreitni/höfnun frá öðrum í barnahópnum.
- **Fylgir fyrirmælum**
Barnið reynir að fylgja fyrirmælum fullorðinna,

Sjálfsöryggi/sjálfstraust

1 og 2ja ára

Barnið finnur sig öruggt í umhverfinu og gerir mannamun. Það tekur á móti hrósi og sýnir gleði þegar það nær árangri á einhvern hátt. Það vill sýna öðrum hvað það getur og hefur áhuga á og vill gjarnan gera hluti sjálft. Barn á öðru ári kannar /lætur reyna á sjálfstæði sitt á ýmsan hátt og lendir því oft í útistöðum.

1. Yfirleitt

2. Stundum

3. Sjaldan/aldrei

- **Setur mörk gagnvart ókunnugum**

Barnið gerir mannamun. Það leitar eftir umhyggju, vernd og huggun hjá þeim sem það þekkir best. Barnið sýnir ákveðna varfærni gagnvart ókunnugum.

- **Er öruggt í nýjum aðstæðum**

Barnið aðlagast nýjum aðstæðum eftir eðlilegan aðlögunartíma. Það sýnir nýjum hlutum áhuga og finnur sig fljótt öruggt.

- **Tekur hrósi**

Barnið sýnir gleði og ánægju þegar því er hrósað og leitast við að endurtaka þá hegðun sem hrósað er fyrir.

- **Sýnir stolt gagnvart eigin getu**

Barnið sýnir ánægju þegar það nær árangri á einhvern hátt, t.d. við að byggja turn eða klæða sig úr fötum. Barnið leitast jafnvel við að sýna öðrum hve duglegt það er.

- **Sýnir þrautseigju**

Barnið gerir ítrekaðar tilraunir þó því mistakist, t.d. við að komast upp í stól, gera einfalt púsl, fara úr sokkum eða raða kubbum.

Þátttaka/ frumkvæði

1 og 2ja ára

Barnið er upptekið af eigin athöfnum og á erfitt með að greina á milli sín og nánasta umhverfis. Það áttar sig sífellt betur á eigin getu og sýnir vilja til að hjálpa til og taka þátt.

1. Yfirleitt

2. Stundum

3. Sjaldan/aldrei

- **Sýnir umhverfinu áhuga**

Barnið er áhugasamt um það sem gerist í leik og starfi og tekur þátt að svo miklu leyti sem það er fært um.

- **Þátttaka í daglegu starfi**

Barnið sýnir viðleitni til þátttöku, til dæmis í samverustundum, matmálstímum og fataherbergi.

- **Sýnir sjálfsbjargarviðleitni**

Barnið sýnir viðleitni til sjálfshjálpar, t.d. við að klæða sig, borða, taka þátt í undirbúningi máltíða, o.s.frv.

Tilfinningar

1 og 2ja ára börn

Tilfinningar barnsins einkennast af sjálflægni og frumþarfir þess hafa forgang. Skaplyndi þess getur verið sveiflukennt og oft er stutt á milli hláturs og gráturs. Barnið sýnir samkennd og hefur ánægju af samskiptum við aðra. Það sækist eftir öryggi, umhyggju, líkamlegri snertingu og tengslum við fullorðna á sama tíma og það lærir að þekkja tilfinningar sínar.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/aldrei

- **Sýnir samkennd**
Barnið tekur þátt í gleði og sorg annarra í kringum sig.
- **Sýnir feimni**
Barnið sýnir hlédrægni/óöryggi við aðstæður sem það þekkir og kemst ekki yfir það eða vinnur ekki bug á því.
- **Sýnir glaðværð**
Barnið sýnir gleði í viðeigandi aðstæðum. Tjáir ánægju sína.
- **Sýnir ótta**
Barnið sýnir ótta/hræðslu þegar það á við.
- **Sýnir hryggð**
Barnið sýnir depurð/vanlíðan án sýnilegrar ástæðu.
- **Viðbrögð við líkamlegri snertingu**
Barnið sýnir eðlileg viðbrögð við líkamlegri snertingu, t.d. þegar það er tekið í er fangið eða þegar skipt á því.
- **Viðbrögð við áminningu**
Barnið bregst við á viðeigandi hátt þegar það fær áminningu t.d sýnir eftirsjá.

Leikur

1 og 2ja ára

Barnið leikur sér eitt eða samhliða öðrum börnum. Það getur staldrað við drjúga stund í leik, fer á milli staða sem getur verið hluti af leiknum. Rannsóknarleikur einkennir þennan aldur. Þegar málþroski eykst og félagsleg færni barnsins verður meiri aukast samskipti við önnur börn og leikurinn færir smátt og smátt yfir í samleik.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/ aldrei

- **Einleikur**
Barnið getur leikið/ einbeitt sér að viðfangsefninu stutta stund.
- **Samhliða leikur**
Barnið getur leikið sér samhliða öðrum börnum og átt við þau stutt/einföld samskipti.
- **Félagslegur leikur**
Barnið sækist eftir félagsskap við önnur börn og tekur þátt í leik.
- **Ímyndunarleikur**
Barnið er í ímyndarnaleik/hlutverkaleik eitt eða með öðrum börnum og notar ýmsa hluti, t.d. kubb í stað bíls o.s.frv.
- **Unir sér í útiveru**
Barnið hefur ánægju af útiveru og getur leikið sér án þess að vera of háð fullorðnum.

Heimildaskrá

Abbott, L., Langston, A. (2005). *Birth to Three Matters. Supporting the framework of effective practice*. Berkshire: Open University Press.

Álfheiður Steinþórsdóttir, Guðfinna Eydal. (2003). *Barnasálfræði. Frá fæðingu til unglingsára*. Reykjavík: Mál og menning.

Goldschmied, E., Jackson, S. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: London Routledge.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan. Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík. Iðnú.

Samskipti/ samvinna

3ja – 6 ára

Barnið sýnir öðrum börnum sífellt meiri áhuga og sækir í félagsskap þeirra. Sjálflægni barnsins vikir fyrir áhuga og löngun til að leika sér við og eiga samskipti við önnur börn. Þó kemur til árekstra sem teljast eðlilegir. Um þriggja ára aldur getur barnið sýnt tillitssemi, fylgt einföldum reglum og farið eftir fyrirmælum. Þessi hæfni eykst með auknum þroska barnsins.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/aldrei

- **Samskipti barns við jafnaldra**
Barnið á viðeigandi samskipti við jafnaldra. Það á auðvelt með samskipti við önnur börn.
- **Samskipti barns við fullorðna**
Barnið sýnir fullorðnum traust og öryggi, það leitar til fullorðinna.
- **Deilir með sér/miðlar málum**
Barnið deilir með öðrum og komi upp ágreiningur er barnið virkur þátttakandi í að leysa deiluna.
- **Sýnir tillitsemi/hjálpssemi**
Barnið sýnir tillitsemi í umgengni við fullorðna og börn í athöfnum daglegs lífs. Það sýnir hjálpssemi þegar við á.
- **Myndar augnsamband**
Barnið myndar augnsamband þegar talað er við það og til þess. Barnið veitir viðmælanda sínum athygli.
- **Myndar vinatengsl**
Barnið á a.m.k. einn góðan vin.
- **Fylgir reglum**
Barnið fer eftir fyrirmælum og fylgir reglum bæði innan barnahópsins og þeim sem settar eru í leikskólanum.
- **Verður ekki fyrir áreitni**
Barnið verður ekki fyrir stríðni, áreitni og/eða höfnun frá öðrum börnum.
- **Átök/stjórnsemi**

Barnið les vel í umhverfi sitt. Ekki ber á stjórnsemi í leik eða í samskiptum og það á sjaldan upptök að deilum.

- **Sýnir biðlund**
Barnið bíður eftir að röðin komi að því.
- **Fylgir fyrirmælum**
Fer eftir fyrirmælum fullorðinna.

Sjálfsöryggi/sjálfsstraust

3ja -6 ára

*Barnið þorir að hafa sig í frammi og finnur að framlag þess er metið að verðleikum.
Barnið sýnir þrautseigju, hefur trú á sjálfu sér og nær góðum árangri miðað við eigin getu.*

1. Yfirleitt

2. Stundum

3. Sjaldan/aldrei

- **Þorir að koma fram fyrir hóp**
Barnið þorir að syngja eða segja frá einhverju persónulegu, t.d. í samveru.
Það notar viðeigandi raddbeitingu, líkamstjáningu og augnsamband.
- **Sýnir staðfestu/sjálfstæði**
Barnið heldur fast í sína skoðun og þorir að taka sjálfstæða ákvörðun.
Barnið segir t.d. að sér finnist einhver matur góður þó svo hinum börnunum finnist það ekki eða tekur sjálfstæða ákvörðun í valstund.
- **Setur mörk gagnvart ókunnugum**
Barnið heldur sig í ákveðinni fjarlægð frá ókunnugum og takmarkar samskipti að einhverju leyti þar til nánari kynni verða.
- **Er öruggt í nýjum aðstæðum**
Barnið aðlagast nýjum aðstæðum á öruggan hátt og sýnir umhverfi sínu áhuga.
- **Tekur hrósi**
Barnið lætur í ljós gleði eða gefur á annan hátt til kynna að því þykir gott að vera hrósað. Barnið leitast við að endurtaka þá hegðun sem hrósað er fyrir.
- **Sýnir stolt gagnvart eigin getu**
Barnið talar jákvætt um eða sýnir öðrum það sem það getur eða kann, t.d. að klæða sig, teikna, leira eða annað sem barnið finnur að það veldur vel.
- **Sýnir þrautseigju**
Barnið gefst ekki upp þó því mistakist heldur reynir aftur til að ná betri árangri.

Þátttaka/ frumkvæði

3ja-6 ára

Barnið sýnir áhuga og vilja til að taka þátt. Það fer í auknum mæli eftir fyrirmælum og sýnir frumkvæði í öllum daglegum athöfnum eins og á salerni, matmálstímum og í fataherbergi. Barnið hefur frumkvæði í leik og er virkt í umræðum.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/ aldrei

- **Tekur þátt í daglegu starfi**
Barnið sýnir áhuga á að taka þátt þegar óskað er eftir því, t.d. við undirbúning matmálstíma og annarra verkefna.
- **Sýnir frumkvæði**
Barnið sýnir frumkvæði, t.d. með því að finna sér verkefni, stinga upp á leikjum, klæða sig sjálfst o.s.frv.
- **Tekur þátt í umræðum**
Barnið er virkur þátttakandi í umræðum við börn og fullorðna í daglegu starfi.

Tilfinningar

3ja - 6 ára börn

Tilfinningar barnsins einkennast af meira jafnvægi en áður. Það á auðveldara með að deila með öðrum og taka þátt í gleði og sorg. Barnið sýnir í auknum mæli hjálpssemi og kemur tilfinningum sínum í orð eða gefur til kynna hvernig því líður. Oft greinir barnið ekki á milli ímyndunar og raunveruleika og tilfinningar geta borið það ofurliði.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/aldrei

- **Barnið sýnir samkennd**
Barnið tekur þátt í gleði og sorg með öðrum börnum. Það huggar eða gleðst með öðrum börnum þegar það á við.
- **Barnið orðar tilfinningar**
Barnið getur sagt frá eða gefið til kynna ef því líður illa eða er ánægt.
- **Barnið sýnir glaðværð**
Barnið lætur ánægju í ljós við daglega iðju, t.d. með orðum, rauli eða söng.
- **Barnið sýnir ótta**
Barnið sýnir ótta/hræðslu þegar það á við.
- **Barnið sýnir hryggð**
Barnið sýnir depurð/vanlíðan þegar ástæða er til.
- **Barnið sýnir reiði**
Barnið er almennt í jafnvægi en sýnir reiði ef tilefni er til.
- **Viðbrögð barns við áminningu**
Barnið bregst við á viðeigandi hátt þegar það fær áminningu, sýnir t.d. eftirsjá.

Leikur

3ja – 6 ára

Barnið sækir meira í að leika með öðrum börnum og á gjarnan góðan vin/vini. Félagsleg færni þess hefur aukist til muna og einnig málþroski sem gerir það færara um að eiga samskipti við önnur börn. Barnið hefur samt ánægju af því að leika sér eitt og getur gleymt sér í ímyndunarleik.

1. Yfirleitt
2. Stundum
3. Sjaldan/ aldrei

- **Skapandi leikur**
Barnið er þátttakandi í skapandi leik og sýnir frumkvæði.
- **Félagslegur leikur**
Barnið á auðvelt með að taka þátt í leik með öðrum börnum.
- **Innkoma í leik**
Barnið á auðvelt með að koma inn í leik/taka þátt þótt að leikurinn sé hafinn.
- **Úthald í leik**
Barnið getur leikið sér eitt eða með félögum án þess að trufla aðra eða hætta í miðju kafi.
- **Unir sér í útiveru**
Barnið hefur ánægju af útiveru eitt og/eða með öðrum börnum.

Heimildaskrá

Abbott, L., Langston, A. (2005). *Birth to Three Matters. Supporting the framework of effective practice*. Berkshire: Open University Press.

Álfheiður Steinþórsdóttir, Guðfinna Eydal. (2003). *Barnasálfræði. Frá fæðingu til unglingsára*. Reykjavík: Mál og menning.

Goldschmied, E., Jackson, S. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: London Routledge.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan. Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík. Iðnú.